




## Kvóti í botnfisktegunda á Norðurlandi eystra

Vífill Karlsson

### Inngangur

Sjávarútvegur hefur ávallt leikið stórt hlutverk á Norðurlandi eystra jafnvel þó fólk tengi hann oftast stöðum á sunnan- og vestanverðu landinu. Þar má t.d. nefna Siglufjörð sem var stundum kallaður höfuðborg síldveiða og það ævintýri hófst snemma á 20. öldinni en mátti muna fífil sinn feegurri eftir að Norsk-íslenski síldarstofninn dró verulega úr eða hætti að eiga viðkomu í lögsögu landsins 1968. Þá átti ÚA ríkan þátt í útgerð landshlutans og seinna Samherji á Akureyri. Samherji er ekki bara stór á Akureyri heldur rekur stærsta og tæknivæddasta frystihús á landinu á Dalvík. Minni útgerðir en samt stórar eins og Höfði á Húsavík og Kaldbakur á Grenivík, Þormóður Rammi hf. á Siglufirði, Útgerðafélag Dalvíkinga, Magnús Gamalielsson hf. á Ólafsfirði og Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf. voru öll burðarásar í sínum byggðarlögum svo einhver séu nefnd. Þá hefur uppsjávarveiðin lengi verið öflug við á landshlutanum.


Í þessum fyrsta Púlsi var ákveðið að skoða hvernig aflaheimildir botnfisktegunda í almenna kerfinu hafa verið að þróast í landshlutanum frá bankahruni. Bankahrunið var valið vegna þess að áhugi athafnamanna og fjárfesta nokkrum árum fyrir bankahrún voru óvenjulegar og að mörgu leyti lítill á hefðbundnum atvinnugreinum landsins. En eftir hrun hurfu athafnamenn svolítið aftur til upprunans og einkum að sjávarútvegnum og mikilvægi hans á landsbyggðinni hefur alltaf verið mikið.

### Heimildir í almenna kerfinu

Þróun aflaheimilda var sett fram í mynd<sup>1</sup> eftir sveitarfélögum en þau á Norðurlandi eystra eru rauðskyggð (Mynd 1). Hver punktur í myndinni stendur fyrir sveitarfélög á Íslandi sem eru heimahöfn skipa sem "eiga" veiðiheimildir í botnfisktegundum. Þar kemur fram að af 11 sveitarfélögum Norðurlands eystra eru sex þeirra

"með" veiðiheimildir á botnfisktegundum í almenna kerfinu. Það eru (í stafrófsröð) Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Langesbyggð og Norður-Þing. Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit "eiga" engar slíkar heimildir.

Í ljós kemur að veiðiheimildir drógu saman í tveimur sveitarfélögum af sex á Norðurlandi eystra. Það var í Fjallabyggð og Norðurþingi, heldur meira í Fjallabyggð (Mynd 1). Hlutfallslega, var samdrátturinn miklu meiri í Norðurþingi (Mynd 2).



MYND 1. BREYTING Á VEIÐIHEIMILDUM Í BOTNFISKTEGUNDUM, TONN



Hins vegar jukust veiðiheimildir mest í Grýtubakkahreppi og Akureyrarbæ en minna í Dalvíkurbyggð og minnst í Langesbyggð (Mynd 1). Hlutfallslega jukust veiðiheimildir samt lang mest í Grýtubakkahreppi og álíka mikið í Akureyrarbæ og Langesbyggð (Mynd 2).

<sup>1</sup> Skýringar: Íbúafjöldi stýrði stærð bóllanna til vísbendingar hvort einhver munur væri eftir "stærð" sveitarfélaga og fjarlægð frá Reykjavík, hvort landsbyggðin hefur byggt sig upp eða gefið eftir. Tönnin eru munur ársmeðaltala viðkomandi tímabíla og ártölín eru seinna

ár fiskveiðisársins. Punktalínur eru einfaldar aðhverfslínur og gildi þeirra er að finna ofarlega í myndunum.

# Púlsinn

— Norðurland eystra í tölum



MYND 2. BREYTING Á VEIÐIHEIMILDUM Í BOTNFISKTEGUNDUM, %

Í öðrum landshlutum vekur athygli hvað Skagafjörður tekur miklum breytingum og Fjarðabyggð, en hlutfallslega urðu breytingarnar mestar í Skagafirði – að því er virðist. Í Vopnafirði urðu breytingarnar reyndar mestar en var viljandi haldið út úr myndinni vegna þess að annars varð hún of óskýr gagnvart mörgum miðsæknum sveitarfélögum. Þá var líka athyglisvert hvað Reykhólahreppur hækkaði mikið hlutfallslega en Súðavíkur- og Árneshreppur lækkuðu mikið. Það er mjög athyglisvert fyrir Súðavík því hún er gamalgróin verstöð á Vestfjörðum.

TAFLA 1. VEIÐIHEIMILDIR Í BOTNFISKTEGUNDUM 2008-2026

| Sveitarfélag                 | A<br>Tonn á<br>íbúa '08<br>2026 | B<br>Tonn á<br>íbúa '08<br>'26, mt | C<br>Röð á<br>dálki<br>B | D<br>Stfrv,<br>hlíf B | E<br>Þróun<br>'08 -<br>'26 |
|------------------------------|---------------------------------|------------------------------------|--------------------------|-----------------------|----------------------------|
| Grindavíkurbær               | 27,295                          | 11,220                             | 6                        | 0,16                  | +                          |
| <b>Grýtubakkahreppur</b>     | <b>21,760</b>                   | <b>22,153</b>                      | <b>1</b>                 | <b>0,28</b>           | +                          |
| Snæfellsbær                  | 12,367                          | 12,353                             | 3                        | 0,15                  | +                          |
| Sveitarfélagið Skagaströnd   | 11,077                          | 15,004                             | 2                        | 0,19                  | -                          |
| Bolungarvíkurkaupstaður      | 7,355                           | 8,663                              | 4                        | 0,20                  | +                          |
| Vestmannaeyjabær             | 7,082                           | 7,884                              | 7                        | 0,12                  | +                          |
| Grundarfjarðarbær            | 6,655                           | 8,193                              | 5                        | 0,14                  | -                          |
| <b>Fjallabyggð</b>           | <b>6,266</b>                    | <b>6,996</b>                       | <b>8</b>                 | <b>0,11</b>           | -                          |
| Sveitarfélagið Hornafjörður  | 5,404                           | 5,638                              | 10                       | 0,20                  | +                          |
| Fjarðabyggð                  | 3,903                           | 3,558                              | 16                       | 0,26                  | +                          |
| <b>Dalvíkurbyggð</b>         | <b>3,888</b>                    | <b>6,668</b>                       | <b>9</b>                 | <b>0,31</b>           | +                          |
| Vesturbyggð                  | 3,548                           | 4,260                              | 12                       | 0,09                  | +                          |
| <b>Langanesbyggð</b>         | <b>3,488</b>                    | <b>4,311</b>                       | <b>11</b>                | <b>0,35</b>           | +                          |
| Ísafjarðarbær                | 3,208                           | 3,844                              | 13                       | 0,09                  | -                          |
| Kaldrananeshreppur           | 3,195                           | 3,670                              | 15                       | 0,09                  | +                          |
| Súðurnesjabær                | 3,008                           | 3,689                              | 14                       | 0,17                  | +                          |
| Skagafjörður                 | 2,998                           | 2,726                              | 18                       | 0,33                  | +                          |
| Sveitarfélagið Stykkishólmur | 2,949                           | 3,100                              | 17                       | 0,17                  | +                          |
| Vopnafjarðarhreppur          | 1,251                           | 1,199                              | 24                       | 1,10                  | +                          |
| <b>Akureyrarbær</b>          | <b>0,960</b>                    | <b>1,024</b>                       | <b>26</b>                | <b>0,18</b>           | +                          |
| <b>Norðurþing</b>            | <b>0,849</b>                    | <b>1,261</b>                       | <b>23</b>                | <b>0,26</b>           | -                          |
| Akraneskaupstaður            | 0,757                           | 2,061                              | 20                       | 0,35                  | -                          |
| Strandabyggð                 | 0,560                           | 0,699                              | 27                       | 0,21                  | -                          |
| Múlaþing                     | 0,552                           | 1,041                              | 25                       | 0,22                  | +                          |
| Reykjavíkurborg              | 0,254                           | 0,350                              | 28                       | 0,16                  | -                          |
| Sveitarfélagið Ölfus         | 0,144                           | 1,912                              | 21                       | 0,40                  | +                          |
| Sveitarfélagið Árborg        | 0,100                           | 0,197                              | 29                       | 0,25                  | -                          |

|                                   |       |       |    |      |   |
|-----------------------------------|-------|-------|----|------|---|
| Hafnarfjarðarkaupstaður           | 0,058 | 0,192 | 30 | 0,72 | - |
| Reykjanesbær                      | 0,055 | 0,175 | 31 | 0,42 | - |
| Árneshreppur                      | 0,024 | 1,533 | 22 | 0,71 | - |
| Reykhólahreppur                   | 0,017 | 0,006 | 36 | 2,69 | + |
| Húnaþingið vestra                 | 0,008 | 0,170 | 32 | 0,67 | - |
| Dalabyggð                         | 0,007 | 0,002 | 38 | 3,51 | + |
| Borgarbyggð                       | 0,004 | 0,015 | 35 | 0,34 | - |
| Húnaþingið vestra                 | 0,002 | 0,040 | 34 | 2,94 | - |
| Kópavogsbær                       | 0,001 | 0,002 | 37 | 0,62 | - |
| Sveitarfélagið Vogar              | 0     | 2,108 | 19 | 0,41 | - |
| Súðavíkurhreppur                  | 0     | 0,100 | 33 | 2,74 | - |
| Garðabær                          | 0     | 0,001 | 39 | 1,12 | - |
| Seltjarnarnesbær                  | 0     | 0,000 | 40 | 3,01 | - |
| Asahreppur                        |       |       |    |      |   |
| Bláskógabyggð                     |       |       |    |      |   |
| Eyja- og Miklaholtshreppur        |       |       |    |      |   |
| <b>Eyja- og Miklaholtshreppur</b> |       |       |    |      |   |
| Fliótdalshreppur                  |       |       |    |      |   |
| Flióahreppur                      |       |       |    |      |   |
| Grímsnes- og Grafingshr.          |       |       |    |      |   |
| Hrunamannahreppur                 |       |       |    |      |   |
| Hvalfjarðarsveit                  |       |       |    |      |   |
| Hveragerðisbær                    |       |       |    |      |   |
| <b>Hörgársveit</b>                |       |       |    |      |   |
| Kjósahreppur                      |       |       |    |      |   |
| Mosfellsbær                       |       |       |    |      |   |
| Mýrdalshreppur                    |       |       |    |      |   |
| Rangárþing eystra                 |       |       |    |      |   |
| Rangárþing ytra                   |       |       |    |      |   |
| Skaftárhreppur                    |       |       |    |      |   |
| Skeiða- og Gnúpverjah.            |       |       |    |      |   |
| Skorradalshreppur                 |       |       |    |      |   |
| <b>Svalbærstrandarhreppur</b>     |       |       |    |      |   |
| <b>Tjörneshreppur</b>             |       |       |    |      |   |
| <b>Þingeyjarsveit</b>             |       |       |    |      |   |

Skammtastafanir og skýringar: mt = meðtal á ári, stfrv = staðalfrávik, hlíf = hlutfallslegt. Stfrv, hlíf = stfrv veiðiheimilda viðkomandi sveitarfélags deilt með mt veiðiheimilda.


Reiknað var út hversu miklar veiðiheimildir voru í botnfisktegundum á hvern íbúa fyrir 2026 og yfir allt tímabilið til samanburðar. Með þessu sést m.a. hversu háð samfélögin eru þessari atvinnugrein og / eða hversu sterk þau eru í henni. Þá kemur í ljós að Grindavíkurbær er lang hæstur en Grýtubakkahreppur er annar í röðinni. Í reynd er Grýtubakkahreppur efstur því íbúatala í Grindavík hafði lækkað niður í 1.246 úr rúmlega 3.000 árin á undan. Athygli vekur hvað Grýtubakkahreppur er lang stærstur að þessu leyti þar sem tonn á íbúa eru nærri tvöfalt fleiri en Snæfellsbæ, næsta sveitarfélag á eftir. Yfir lengra tímabil (2008-2026) er Grýtubakkahreppur efstur og nærri tvöfalt hærri en Snæfellsbær líka. Af sveitarfélögum á Norðurlandi eystra kom Fjallabyggð næst í röðinni en áttunda í röðinni á landsvísu af 62. Athygli vekur aftur að Snæfellsbær er tvöfalt stærri að þessu leyti en Fjallabyggð. Næst í röðinni koma Dalvíkurbyggð og Langanesbyggð. Enn og aftur er athyglisvert að sjá Fjallabyggð nærri tvöfalt hærri en bæði þessi sveitarfélög að þessu leyti. Þau eru síðan nærri fjórfalt stærri en Akureyrarbær og Norðurþing sem koma næst í röðinni á Norðurlandi eystra.

## Vangaveitur

Sérstaða Grýtubakkahrepps hefur þegar komið fram en önnur sérstaða hans er að sveitarfélagið er stór hluthafi í

# Púlsinn

— Norðurland eystra í tölum



Útgerðarfyrtæki þar. Gjögur hf. á stærsta hluta veiðiheimilda í sveitarfélaginu og rekur vinnslu á staðnum en Frosti ehf. kemur næst á eftir. Tölur í þessum vangaveltum miðast við fiskveiðiárið 2024/2025.

Samherji átti lang stærsta hluta veiðiheimilda á Akureyri. Sá sem kemur næst á eftir á aðeins rúmlega 3% af hlut Samherja. Samherji á líka lang stærsta hluta veiðiheimilda sem skráðar eru í Dalvíkurbyggð og eru tengdar skipinu Björgúlfí. Sólrún ehf. kemur næst á eftir með innan við 10% af því sem Samherji á þarna.

Lang stærsti eigandi veiðiheimilda innan Fjallabyggðar er Ísfélagið sem er nú reyndar félag úr Vestmannaeyjum. Það má helst rekja til skipsins Sólbergs ÓF. Næst á eftir kemur Akraberg með um rúm 5% af því sem Ísfélagið er með skráð á Siglufirði samkvæmt tölum Fiskistofu. Ísfélagið er líka stærsti eigandi veiðiheimilda í Langanesbyggð en Geir ehf. kemur fast á hæla þess. Aðrir eru mun lægri.

Í Norðurþingi á GPG Seafood ehf. stærstan hluta veiðiheimilda í sveitarfélaginu. Hólmsteinn Helgason ehf. kemur næst á eftir með um 20% af því sem GPG á. Í Norðurþingi hafa menn í auknum mæli leitað í aðrar atvinnugreinar eins og ferðapjónustu og orkufrekan iðnað og það kann að hafa leitt til svo örrar fækkunar veiðiheimilda þar.